

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir frá fyrri þingum.

Í frumvarpinu er lagt til að Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn bætist í hóp aðaltollhafna.

Undanfarin ár hefur mikilvægi Þorlákshafnar aukist sem almennrar vöruhafnar. Hefur þar verið reist frysti- og kæligeymsla auk aðstöðu fyrir tollvöruheimsly. Er því orðið mjög brýnt að Þorlákshöfn verði gerð að aðaltollhöfn. Þá er það einnig mikið hagsmunamál fyrir Höfn í Hornafirði að öðlast réttindi aðaltollhafnar. Íbúafjöldi þar hefur meira en tvöfaldast síðustu tvo áratugi og umsvif atvinnufyrirtækja eflst að sama skapi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson,
form., frsm.

Kristinn H. Gunnarsson.

Hjálmar Árnason.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Pétur H. Blöndal.

Gunnar Birgisson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Margrét Frímannsdóttir.

Ögmundur Jónasson.